

Fimmtudaginn 25. september 1997.

Nr. 466/1996.

K

(Hróbjartur Jónatansson hrl.,
Kristín Briem hdl.)
gegn

M

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Hjón. Skilnaðarsamningur. Brostnar forsendur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1996, og krefst hún þess, að samningar málsaðila um fjárskipti vegna skilnaðar, sem staðfestir voru hjá sýslumanninum í Borgarнесi 10. mars 1994 og 12. desember sama ár, verði felldir úr gildi. Jafnframt verði henni dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir héraðsdómi og í Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 11. mars 1997.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 11. mars 1997.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Þar á meðal er bréf Magnúsar Leopoldssonar, löggilts fasteignasala hjá Fasteigna-miðstöðinni, sem hafði jörðina F í Mýrasýslu til sölumeðferðar, þegar aðilar máls þessa gerðu með sér samning um fjárskipti vegna skilnaðar. Í bréfinu kemur fram sú skoðun fasteignasalans, að markaðsverð jarðarinnar á tímabilinu frá janúar til apríl 1994 hafi verið á bilinu 9–10 milljónir króna.

Af hálfu áfrýjanda hefur einnig verið aflað nýs vottorðs Péturs Haukssonar, geðlæknis á endurhæfingarmiðstöð Reykjalundar. Svarar hann þar meðal annars spurningum lögmanns áfrýjanda um

áhrif sjúkdóms hennar á hæfi hennar til að ráðstafa persónulegum og fjárhagslegum hagsmunum sínum 10. mars 1994 við skilnað að borði og sæng og 12. desember sama ár við lögskilnað. Eftir að geðlæknirinn hefur rakið gögn um innlagnir og sjúkdómsgreiningu áfrýjanda á árunum 1991–1994, segir hann meðal annars svo í álitinu sínu:

„Af ofangreindum upplýsingum má ráða, að andleg heilbrigði K var afar léleg á því tímabili sem spurt er um, október 1993 – desember 1994. ... Var hún alvarlega þunglynd um það leyti, sem hún skildi í mars 1994, og dvaldist þá á geðdeild í átta vikur og var sett á örorku. Verkir og félagslegir erfiðleikar hrjáðu hana áfram og leiddu til þess, að þunglyndi jókst, og til innlagnar á Reykjalundi í september, þar sem hún dvaldist í rúma þrjá mánuði. Þannig lá hún á sjúkrahúsum samtals í um það bil sjö mánuði á þessu fimmtán mánaða tímabili, sem spurt er um, október 1993 – desember 1994, eða nær helming tímabilsins. ... Spurt er, hvaða áhrif sjúkdómur hennar hafði á hæfni hennar til að ráðstafa persónulegum og fjárhagslegum hagsmunum sínum við hjúskaparslit. ... Því er til að svara, að þunglyndi, og þá sérstaklega sú tegund þunglyndis, sem kölluð er geðhvarfasýki eða tvíhverf lyndisröskun, er sjúkdómur, sem getur haft mikil áhrif á dómgreind sjúklings. Þunglyndið veldur því, að mat á eigin hæfni og getu verður brenglað, sjálfsásakanir valda skertu sjálfsmati, sjúklingur hefur ekki mikla von um bata og framtíðarsýn er svartlituð. K hefur verið haldin þessum sjúkdóms-einkennum á þunglyndistímabilum sínum. ... Þegar höfð er í huga langvarandi tilhneiging hennar til þunglyndis, má gera ráð fyrir, að sjúkdómur hennar hafi haft veruleg áhrif á hæfni hennar til að ráðstafa hagsmunum sínum vegna þeirra áhrifa, sem þunglyndiseinkenni hafa á sjálfsmat eins og lýst er hér að ofan.“

Við skilnaðinn var það samkomulag aðila, að stefndi skyldi hafa forsjá þriggja barna þeirra. Fram er komið í málinu, að með sátt, sem aðilar gerðu með sér sumarið 1996 í máli um forræði barnanna, var ákveðið, að áfrýjandi fengi forsjá þeirra.

II.

Í samningi aðila um fjárskipti við skilnað að borði og sæng 10. mars 1994 var hvorki tilgreint verðmæti eigna né fjárhæð skulda.

Virðist sem gert hafi verið ráð fyrir því, að markaðsverð jarðarinnar F, sem stefndi fékk í sinn hlut, væri svipað fasteignamati hennar, sem nam tæplega 6.000.000 krónum, og að verðmæti eigna í heild næði rétt að mæta skuldum. Aðilar keyptu jörðina í febrúar 1990 fyrir 5.300.000 krónur. Var áfrýjandi þinglýstur eigandi hennar. Fullvirðisrétt jarðarinnar seldu þau fljótlega og fengu fyrir hann 2.666.000 krónur. Árið 1992 settu þau jörðina í sölu hjá Fasteignamiðstöðinni, og var ásett verð í upphafi 15.000.000 króna. Samkvæmt söluyfirliti fasteignasölnunnar, sem fyrir liggur í málinu, kom fljótlega í ljós, að hið ásetta verð var of hátt, og var það lækkað í áföngum allt niður í 11.000.000 króna, en það var ásett verð, þegar skilnaðarsamningur var gerður. Fram hefur komið í málinu, að hálfu ári eftir, að aðilar fengu lögskilnað, tókst stefnda að selja jörðina fyrir það verð.

Þegar litið er til framangreindra atriða og jafnframt höfð hliðsjón af áliti Magnúsar Leopoldssonar, sem áður er getið, þykir ekki óvarlegt að gera ráð fyrir, að raunverulegt markaðsverð jarðarinnar á þessum tíma hafi numið ekki lægri fjárhæð en 9.000.000 króna.

Auk þess var í samningnum tilgreind bifreiðin VP-947, sem ágreiningslaust er, að metin var á 1.000.000 króna. Samkvæmt viðaukasamningi aðila við lögskilnað 12. desember 1994 féll hún í hlut áfrýjanda. Því hefur einnig verið haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi fengið í sinn hlut Lada-bifreið, að verðmæti 150.000 krónur. Hennar er ekki getið í samningum aðila, og eins og málið liggur fyrir, verður að telja þetta ósannað.

Hjónin áttu um það bil tuttugu hesta, sem stefndi fékk í sinn hlut samkvæmt samningnum. Hann telur verðmæti þeirra hafa numið 815.000 krónum, en áfrýjandi heldur því fram, að það hafi numið um 2.000.000 króna. Er fallist á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að verðmæti hestanna hafi verið meira en stefndi heldur fram.

Að öllu þessu virtu verður að telja, að verðmæti eigna búsins hafi numið eigi lægri fjárhæð en 10.815.000 krónum, þegar samningur þeirra 10. mars 1994 var gerður.

Ekki þykja efni til annars en miða við, að skuldir búsins hafi numið samtals 7.004.663 krónum, eins og stefndi heldur fram og stutt er héraðsdómi.

Samkvæmt þessu hefur hrein eign búsins numið ekki lægri fjár-

hæð en 3.810.337 krónum, og miðað við helmingaskipti hefðu því fallið í hlut hvors aðila um sig 1.905.168 krónur.

Svo sem fyrr segir, fékk áfrýjandi í sinn hlut bifreið, sem metin var á 1.000.000 króna. Tók hún að sér samkvæmt viðbótarsamningnum 12. desember 1994 áhvílandi skuldir á bifreiðinni, samtals að fjárhæð 496.254 krónur. Samkvæmt samningnum 10. mars 1994 hafði hún tekið að sér skuld við Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem óumdeilt er, að nam að eftirstöðvum 140.000 krónum. Samkvæmt samningum aðila féll þannig í hennar hlut hrein eign, að verðmæti 363.746 krónur, og hefur ekki verið sýnt óyggjandi fram á í málinu, að þeirri skipan hafi verið breytt. Samkvæmt því vantar um það bil 1.500.000 krónur upp á, að áfrýjandi hafi fengið helming af hreinni eign hjónanna miðað við ofangreindar viðmiðanir.

III.

Svo sem áður er greint, var samningur aðila ófullkominn. Forsendur þær, sem miðað var við um verðmæti höfuðeignar aðila, jarðarinnar F, verður að telja hafa verið óraunhæfar, ekki síst þegar litið er til þess, að jörðin var á þessum tíma til sölu fyrir verð, sem var um 5.000.000 króna hærra. Leiddi þetta til þess, að hluti áfrýjanda í eignum búsins varð minni en efni stóðu til. Þá þykir ljóst af þeim læknisfræðilegu gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að heilsu áfrýjanda hafi verið þannig farið, að hún hafi ekki verið fær um að gæta hagsmuna sinna með eðlilegum hætti, en hún naut ekki aðstoðar við gerð samningsins. Fram er komið, að jörðin seldist hálfu ári eftir lögskilnað fyrir það verð, sem upp hafði verið sett. Einnig liggur fyrir, að áfrýjandi hefur nú forsjá barna þeirra hjóna og heldur heimili fyrir þau, sem ekki var gert ráð fyrir, þegar skilnaður var ráðinn.

Af því, sem að framan er rakið, þykir ljóst, að samningur aðila um fjárskipti var ekki gerður við eðlilegar aðstæður, og hallaði þar verulega á áfrýjanda. Þá hafa forsendur samningsins breyst verulega við það, að stefnda hefur tekist að selja jörðina og heldur ekki lengur heimili fyrir börn sín og áfrýjanda. Ber af þessum ástæðum að fella fjárskiptasamning aðila úr gildi. Ákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 um málshöfðunarfrest þykir ekki standa niðurstöðu þessari í vegi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður málsaðila fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Samningur áfrýjanda, K, og stefnda, M, frá 10. mars 1994 um fjárskipti vegna skilnaðar þeirra ásamt viðbótarsamningi frá 12. desember 1994 er felldur úr gildi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda og stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanna þeirra, 150.000 krónur til hvors um sig.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 1996.

Mál þetta var þingfest 23. janúar 1996 og tekið til dóms 7. nóvember sl. Stefnandi er K, f. 1959 . . . , Reykjavík. Stefndi er M, f. 1962 . . . , Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að samningur aðila frá 10. mars 1994 og 12. desember 1994 um fjárskipti vegna skilnaðar þeirra verði lýstur ógildur og óskuldbindandi. Málskostnaðar er krafist, eins og málið sé eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál.

Báðir aðilar hafa fengið gjafsókn í málinu.

I.

Stefnandi og stefndi gengu í hjónaband árið 1983. Árið 1988 lenti stefndi í umferðarslysi og var metinn 75% öryrki. Hann fékk slysabætur haustið 1989, og ákváðu þau að kaupa jörð fyrir andvirði bótanna. Í ágúst 1990 keyptu þau F á 5.300.000 krónur. Tóku þau þá á sig áhvílandi skuldir, að fjárhæð 3.701.665 krónur, en greiddu 1.598.335 krónur. Jörðinni fylgdi fullvirðisréttur. Þau ákváðu að vera ekki með hefðbundinn búskap, heldur hrossarækt, og seldu því fullvirðisréttinn á 2.666.000 krónur og keyptu sér hross.

Aðilar skildu að borði og sæng 15. mars 1994. Átti stefnandi við mikil

andleg veikindi að stríða, m. a. þunglyndi, sem átti rætur í félagslegum erfiðleikum hennar og áföllum, sem hún hafði orðið fyrir. Stefnandi hafði eignast fimm börn, þar af fjögur með stefnda. Tvö þeirra dóu vöggdauða, hið síðara árið 1990. Yngsti sonur aðila er verulega hreyfihamaður og þroskaheftur. Í september 1993 lenti stefnandi í bílveltu og hlaut við það taugaáfall. Lagðist hún vegna þessa inn á geðdeild Landspítalans. Eftir útskrift varð hún fyrir fleiri áföllum og fór aftur á geðdeild. Eftir skilnað aðila í mars 1994 fór stefnandi á geðdeild, og við útskrift fékk hún sjúkdómsgreininguna geðhvarfasýki og persónuleikatrúflun. Haustið 1994 dvaldist hún á Reykjalundi um tveggja mánaða skeið, og samkvæmt læknisvottorði hefur líðan hennar síðan farið batnandi. Við skilnað fékk stefndi forsjá barna þeirra, en árið 1995 höfðaði stefnandi forsjármál, og lauk því með dómsátt um, að hún fengi forsjá barnanna.

Pegar aðilar fengu skilnað að borði og sæng, var bókað hjá sýslumanni, að samkomulag væri um eignaskipti skv. eftirfarandi fram lögðum eignaskiptasamningi, dags. 10. mars 1994:

„Jörðina F í Mýrasýslu, bústofn, vélar og tæki, ásamt áhvílandi skuldum sem og eftirfarandi:

- við Búnaðarbankann, skbr. nr. 006682, nr. 006656 og nr. 006521,
- við Landsbankann, skbr. nr. 124139,
- við Sjóvá-Almennar, skbr. nr. 9309133,
- við Kaupfélag Borgfirðinga, skuld á reikningi 995-697, bifreið, VP 947, yfirtekur M.

Skuld við LÍN, nr. s 871055, yfirtekur K.“

Aðilar fengu lögskilnað 15. desember 1994. Af því tilefni gerðu þau viðbótareignaskiptasamning um, að stefnandi fengi í sinn hlut bifreiðina VP-947, af tegundinni Subaru, árg. 1991. Skyldi stefnandi taka að sér að greiða áhvílandi veðskuldir og fjárnám á bifreiðinni, samtals að eftirstöðvum 496.254 krónur, en stefndi taka við áhvílandi skuldabréfi, að eftirstöðvum 300.000 krónur. Í lok samningsins segir, að með honum sé eignaskiptum að fullu lokið, og eigi hvorugt kröfu á hendur hinu. Við aðalmeðferð kom fram, að stefndi hafði að lokum greitt allar skuldir búsins fyrir utan 140.000 króna skuld stefnanda við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá kom einnig fram við aðalmeðferð, að ekki var ágreiningur um skipti innbús. Eignaskiptum þeirra lauk þess vegna með því, að stefndi tók við jörðinni ásamt skuldum, hrossum, vélum og tækjum og tók jafnframt að sér að greiða allar áhvílandi skuldir búsins fyrir utan skuld stefnanda við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Stefnandi fékk í sinn hlut Subaru-bifreið, sem hafði verið keypt á 900.000 krónur, og Lada-bifreið, að verðmæti 150.000 krónur, auk

peninga, og heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi þannig fengið hreina eign, að fjárhæð 1.163.000 krónur, út úr skiptum.

Jörðin var sett í sölu í mars 1992 hjá fasteignasala. Ekkert tilboð hafði komið í jörðina, þegar aðilar skildu 1994. Ásett verð var 12.000.000 króna. Í söluyfirliti er jörðinni svo lýst, að um sé að ræða landmikla jörð, sennilega um 2000 ha, þar af tún 30 ha. Jörðin sé vel í sveit sett, um 20 km frá Borgarнесi, og útihús í ágætu ástandi. Jörðin sé tilvalin fyrir hestamenn. Alls búrúst 79 fyrirspurnir til fasteignasöluunnar, en ekkert tilboð kom fyrr en í júní 1995. Stefndi var þá einn orðinn eigandi jarðarinnar samkvæmt eignaskiptasamningi aðila, og seldi hann jörðina þá þremur kaupendum á 11.000.000 króna. Samkvæmt kaupsamningi 14. júní 1995 voru þá samtals áhvílandi 6.263.510 krónur, sem kaupendur tóku á sig. Þá er óumdeilt í málinu, að stefndi tók að sér ýmsar lausaskuldir aðila og greiddi. Hann tók því samtals við skuldum að fjárhæð 6.864.663 krónur, en stefnandi áður nefnda skuld við Lánasjóð íslenskra námsmanna, að fjárhæð 140.000 krónur.

II.

Stefnandi kveður stefnda hafa samið skilnaðarskilmálann og ráðið efni hans. Hefði hann talið stefnanda trú um, að aldrei fengist meira fyrir jörðina en næmi skuldum. Hann hefði boðið sér að taka við jörðinni og skuldum, en hún ekki treyst sér til þess vegna veikinda sinna. Stefndi hefði séð um fjármál fjölskyldunnar, en hún þó haft einhverja yfirsýn yfir þau. Stefnandi kveður andlega líðan sína hafa verið slæma á þessum tíma, og hefði hún hugsað um það eitt að komast í burtu af jörðinni, vegna þess að hún hefði ekki treyst sér til að verða þar ein eftir með börnin. Hún hefði flust til Reykjavíkur eftir skilnað að borði og sæng í mars 1994. Um sumarið hefði hún flust aftur vestur um tveggja mánaða skeið, meðan hún var að bíða eftir að komast að á Reykjalundi í meðferð. Þau hefðu þá tekið upp sambúð að nýju.

Þegar þau skildu, hefðu þau átt um tuttugu hross, að verðmæti 2.300.000 krónur. Hún telur, að bifreiðin, sem hún fékk í sinn hlut, hafi verið illa farin og ekki meira virði en um 600.000 krónur.

Stefnandi heldur því fram, að samningur aðila hafi bersýnilega verið ósanngjarn. Í hlut stefnda hafi komið andvirði jarðarinnar, sem við sölu síðar reyndist nema 11.000.000 krónum. Þá hafi stefndi einnig eignast allan bústofninn, að verðmæti 2.300.000 krónur. Stefndi hafi notfært sér bágindi stefnanda og knúið fram samning, sem hafi verið henni mjög óhagstæður.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða 95. gr. laga nr. 31/1993 svo og til ákvæða III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 28.-31. gr. og 33. gr., sbr. lög nr. 11/1986.

III.

Stefndi heldur því fram, að aðilar hafi samið eignaskiptayfirlýsinguna saman og stefnandi vélritað hana. Í byrjun árs 1994 fór hann suður og hóf nám í Tækniskóla Íslands. Tveir eldri synirnir fóru með honum og dvöldust hjá foreldrum hans. Stefnandi bjó þá á jörðinni, og hefði M boðið henni að taka við öllum eigum og skuldum búans á sama hátt og hann gerði síðar. En stefnandi hefði ekki haft áhuga á því, og tók hann þá við búi og skuldum. Töluverðir fjárhagserfiðleikar hefðu verið hjá þeim á þessum tíma, og hefði hann fengið aðstoð hjá foreldrum sínum. Erfitt hefði verið að meta jörðina, þar sem hún var kvótalaus. Hvorugt þeirra hefði vitað um nákvæma skuldastöðu. Hann hefði talið, að gott væri, ef jörðin seldist fyrir skuldum. Útlitið hefði sannarlega ekki verið gott, þegar þau skildu lögskilnaði í desember 1994, því að ekki eitt einasta tilboð hefði verið komið í eignina, er þá hefði verið tvö og hálf ár í sölu.

Sama hefði verið að segja um hrossin. Aðilar málsins hefðu miðað við skattmat á hrossunum, þegar þau gengu frá eignaskiptum. Mikill hluti hefði verið trippi, en einnig fylfullar hryssur. Stefnanda hefði staðið til boða að taka einhver hross, en hún hefði hafnað því, enda mikil vinna við umhirðu þeirra. Ekki hefði verið mikið verðgildi í hrossunum og sé ekki enn. Fyrir stuttu hefðu trippi verið seld á frjálsum markaði á 5000 krónur og fylfullar hryssur á 20.000 krónur. Stefnandi hafnar algerlega útreikningum stefnanda á verðgildi hrossanna. Verð hafi fallið, og erfitt sé að selja. Honum hafi einungis tekist að selja tvær merar, frá því að þau skildu. Mikill kostnaður fylgi hestum bæði vegna húsakosts og fóðurkostnaðar.

Stefndi mótmælir því með öllu, að þau hafi tekið upp sambúð að nýju eftir skilnað að borði og sæng. Stefnandi hafi einungis flutt vestur til sín um 6-7 vikna skeið til að vera í sem mestri umgengni við börnin. Hún hefði auk þess verið húsnæðislaus á þessum tíma og verið að bíða eftir plássi á Reykjalundi.

Það hefði verið einstök heppni, að honum tókst að selja jörðina í júní 1995 á 11.000.000 króna. Þeir, sem keyptu hana, hefðu gert það í þeim tilgangi að selja hana aftur sveitarfélaginu undir sorpurðun. Skyndilega hefði orðið eftirspurn eftir jörðum á þessu tiltekna svæði, sem væri einstakur atburður.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu við það, að krafa stefnanda sé of seint fram komin skv. 95. gr. laga nr. 31/1993. Þá hafi ekki verið sýnt fram á, að samningur aðila hafi verið bersýnilega ósanngjarn, þegar til hans var stofnað. Bæði hafi staðið að gerð hans. Þá bendir stefndi á, að í viðbótar-samningi aðila, sem gerður var 12. desember 1994, hafi þau lýst yfir, að

eignaskiptum þeirra væri lokið og hvorugt ætti kröfu á hitt. Stefndi hafi tekið áhættu með því að taka við jörðinni með þeim skuldum, sem á henni hvíldu. Að sama skapi eigi hann að hljóta ávinninginn af því, að betra verð fékkst en á horfðist. Stefndi mótmælir allri nauðung í málinu. Hann hafi ekki heldur leynt stefnanda neinu um skuldastöðu.

IV.

Ekki verður nákvæmlega séð af gögnum málsins, hverjar voru raunverulegar eignir og skuldir búans við skilnað. Ræður þar mestu um, að óvissa var um söluverð jarðarinnar, sem var kvótalaus og hafði verið tvö ár á sölu, án þess að tilboð bærast. Fasteignamat F var þá 6.680.000 krónur, og í ljós kom, þegar stefndi hafði greitt allar skuldir búans, að þær voru 6.864.000 krónur. Var þá ekki talin með skuld við Lánasjóð íslenskra námsmanna, að fjárhæð 140.000 krónur, sem stefnandi tók við. Stefnandi fékk bifreið, að andvirði um 900.000 krónur samkvæmt skattframtali, en stefndi fékk öll hross búans. Greinir þau á um verðmæti þeirra. Telur stefndi verðmæti þeirra við skilnað 815.000 krónur, en stefnandi 2.600.000 krónur.

Við aðalmeðferð kom fram hjá aðilum, að stefndi hefði boðið stefnanda að taka við búinu, þegar ljóst var, að þau ætluðu að skilja. Hefði stefndi boðið henni að taka við öllum eignum og skuldum á sama hátt og hann gerði síðar. Hún treysti sér hins vegar ekki til þess og valdi þann kost að flytjast af jörðinni. Aðilar eru sammála um, að stefndi, sem sá um fjármál heimilisins, hafi talið á þessum tíma, að verðmæti eigna væri svipað og fjárhæð skulda. Stefnandi kveðst hafa treyst því, að svo væri, en í ljós hefði komið síðar, að um rangt mat var að ræða.

Málsástæður stefnanda styðjast annars vegar við 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og hins vegar við ógildingarákvæði III. kafla samningalaga nr. 7/1936.

Í 95. gr. hjúskaparlaga segir, að unnt sé að fá bersýnilega ósanngjarnan eignaskiptasamning felldan niður, ef mál þar að lútandi er höfðað innan árs frá skilnaði. Aðilar fengu skilnað að borði og sæng 15. mars 1994 og lögskilnað 15. desember 1994. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 14. desember 1995. Ágreiningur er með aðilum um, hvort upphafsdagur eins árs frestsins samkvæmt 95. gr. sé við skilnað að borði og sæng eða lögskilnað. Það er skilyrði skilnaðar að borði og sæng, sbr. 43. gr. hjúskaparlaga, að áður hafi verið gengið frá skiptingu eigna og sá samningur staðfestur af sýslumanni. Því ber að miða við skilnað að borði og sæng, enda var fjárlitasmalningur aðila staðfestur við það tækifæri. Frestur skv. 95. gr. hjúskaparlaga var því liðinn, er mál þetta var höfðað. Aðilar gerðu að vísu viðbótar-

samning við lögskilnað, en hann breytti ekki fyrri samningi um jörðina, heldur fjallaði aðeins um, að bifreið, sem stefndi hafði tekið við, kæmi nú í hlut stefnanda. Viðbótarsamningurinn var því stefnanda til hagsbóta. Við aðalmeðferð hreyfði lögmaður stefnanda þeirri málsástæðu, að aðilar hefðu tekið upp sambúð að nýju og þess vegna ætti að miða upphaf frests við lögskilnað. Gegn andmælum stefnda telst þessi staðhæfing ósönnuð. Málsástæða þessi telst einnig of seint fram komin.

Kemur þá til athugunar síðari málsástæða stefnanda, að samningur aðila sé ógildanlegur á grundvelli III. kafla samningalaga nr. 7/1936, en 95. gr. hjúskaparlaga heimilar málsókn samkvæmt samningalögum, enda þótt ársfresturinn sé liðinn.

Eins og áður sagði, gerðu báðir aðilar ráð fyrir því við gerð eignaskipta-samnings 10. mars 1994, að skuldir og eignir stæðu nokkurn veginn að jöfnu. Nægilega þykir fram komið, að lausafé skiptist nokkurn veginn jafnt á milli aðila. Stefnandi fékk um eina milljón króna (bifreiðir o. fl. að frá-dreginni skuld við Lánasjóð ísl. námsmanna) út úr búinu, og þykir ósannað, að hestaeign búsins hafi verið verðmeiri.

Aðalágreiningur aðila stendur um jörðina. Hún hafði verið tvö ár í sölu við skilnað aðila, án þess að tilboð bærisk. Fasteignamat var svipað og fjárhæð skulda. Jörðin hafði verið keypt nokkrum árum áður á 5.300.000 króna, og fylgdi þá framleiðsluréttur með. Nú hafði sá réttur verið seldur undan jörðinni á 2.666.000 króna. Verður því að telja, að ekki hafi verið óvarlegt að áætla á þessum tíma, að markaðsverð jarðarinnar væri svipað og skuldir stóðu í. Verður því ekki talið, að stefndi hafi komið fram samningi sér til hagsbóta með ólögmatum hætti eða einhverri þeirri háttsemi, sem III. kafli samningalaga tilgreinir. Ósannað þykir, að hallað hafi á stefnanda við eignaskiptin. Þá þykir einnig ósannað, að stefnandi hafi ekki mátt hugsa rökrétt um skiptingu eigna þrátt fyrir veikindi sín.

Í málflutningi reifaði lögmaður stefnanda málið m. a. á grundvelli 36. gr. samningalaga, að samningur aðila hefði verið ósanngjarn, þegar til þess væri litið, að 11.000.000 króna fengust fyrir jörðina. Skyndileg eftirspurn eftir jörð á þessu svæði varð þess valdandi, að F seldist. Slíkt atvik, sem kom til fimmtán mánuðum eftir, að eignaskiptasamningur aðila var gerður, þykir ekki eiga að verða til þess, að samningurinn teljist ósanngjarn samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936.

Niðurstaðan verður því sú, að ósannað þykir, að slíkir annmarkar hafi verið á samningi aðila, að það leiði til þess, að hann verði metinn ógildur samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 7/1936. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi réð Jónínu Bjartmarz hdl. til að gæta hagsmuna sinna. Samdi hún stefnu og aflaði gagna f. h. stefnanda. Með bréfi 9. maí 1996 sagði stefnandi henni upp störfum, og tók Hróbjartur Jónatansson hrl. við málinu. Í stefnu eru brigslyrði um stefnda, m. a., að stefndi hafi beitt stefnanda andlegu ofbeldi, verið latur til vinnu og fleira í þeim dúr. Ber að víta Jónínu Bjartmarz hdl. fyrir slíkan málatilbúnað.

Báðir aðilar hafa gjafsókn í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. máflutningslaun lögmanna stefnanda, Hróbjarts Jónatanssonar hrl., 150.000 krónur, og Jónínu Bjartmarz hdl., 100.000 krónur, og máflutningslaun lögmanns stefnda, Láru Hansdóttur hdl., 250.000 krónur. Ekki hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, M, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, K, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. máflutningslaun lögmanna stefnanda, Hróbjarts Jónatanssonar hrl., 150.000 krónur, og Jónínu Bjartmarz hdl., 100.000 krónur, svo og máflutningslaun lögmanns stefnda, Láru Hansdóttur hdl., 250.000 krónur.